

STOFNSKRÁ fyrir Útflutningsmiðstöð iðnaðarins

1. gr.

Stofnendur.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins er sjálfstæð stofnun til þess að efla útflutning iðnaðarvара. Stofnendur eru Félag íslenzkra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Viðskiptaráðuneyti og Iðnaðarráðuneyti. Stofnunin starfar skv. ákvæðum laga um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins nr. 14 frá 30. marz 1971.

2. gr.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til rikissjóðs og sveitarsjóða. Stofnunin takmarkar ábyrgð sína við eigur sínar á hverjum tíma. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Útflutningsskrifstofa Félags ísl. iðnrekenda.

Samtímis því að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins tekur til starfa er Útflutningsskrifstofa Félags ísl. iðnrekenda lögð niður, en skjalasafn og visir að bókasafni, sem er eign Útflutningsskrifstofu, færast yfir í eigu Útflutningsmiðstöðvar.

4. gr.

Verkefni.

Hlutverk Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er að efla útflutning íslenzkra iðnaðarvара og veita honum fyrirgreiðslu með því, meðal annars:

1. Að kynna íslenzkan iðnvarning á erlendum vettvangi, með þátttöku í vörusýningum og á annan hátt og veita upplýsingar um útflutningsiðnað á Íslandi.
2. Að framkvæma markaðsathuganir erlendis fyrir iðnfyrirtæki á Íslandi og annast upplýsingamiðlun varðandi markaðshorfur, og annað er útflutningssölu varðar.
3. Að leiðbeina iðnfyrirtækjum um útflutning og söluaðgerðir á erlendum mörkuðum.
4. Að skipuleggja sameiginlega útflutningsstarfsemi iðnfyrirtækja og greiða fyrir samvinnu þeirra í milli.
5. Að vekja athygli iðnfyrirtækja á útflutningsmöguleikum og veita hvatningu um nýtingu á þeim.
6. Að annast milligöngu um sölu á iðnaðarvörum til útlanda og stofnun viðskiptasambanda varðandi íslenzkar iðnaðarvörur, þó ekki sem beinn umboðsaðili.

5. gr.
Stjórn.

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skipa sex menn valdir til 4 ára í senn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Félagi ísl. iðnrekenda, en Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna einn mann hver. Jafn margir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Tilnefningar skulu berast iðnaðarráðuneytinu en iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna eftir tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum sjálf.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Lögmætir stjórnarfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum stofnunarinnar með þeim hætti er landslög og stofnskrá þessi ákveður. Skulu þeir haldnir eigi sjaldnar en mánaðarlega nema formaður ákveði annað. Aukafundi skal halda að beiðni eins eða fleiri stjórnarmanna, enda sé tilefnið brýn úrlausnatriði.

Stjórnarfundur telst lögmætur og ákvörðunarhæfur þegar mættir eru 4 stjórnarmenn eða fleiri. Rísi ágreiningur um afgreiðslu mála til meðferðar á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Stjórnarfundur skal boða með hæfilegum fyrirvara. Haldin skal gjörðabók þar sem ákvarðanir eru skráðar ásamt stuttri skýrslu um annað sem gerist. Fyrir störf í þágu stofnunarinnar skal greiða stjórnarmönnum þóknun.

6. gr.
Verksvið stjórnar.

Megin skyldustörf stjórnarinnar eru:

1. Að marka stefnu stofnunarinnar og ákveða þau meginverkefni, sem stofnunin tekst á hendur.
2. Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör að öðru leyti, og veita honum lausn frá störfum.
3. Að hafa stöðugt og ýtarlegt eftirlit með öllum rekstri stofnunarinnar, sjá um að bókhald og fjármál séu í fullkomnu lagi og gæta vel hags stofnunarinnar á hverjum tíma.
4. Að sjá um ráðningu og uppsögn annarra helztu starfsmanna stofnunarinnar eftir tillögum framkvæmdastjóra.
5. Að setja reglur um það, hvernig og hverjir starfsmenn geti skuldbundið stofnunina.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar hefur heimild til að skuldbinda hana og er undirskrift tveggja stjórnarmanna nægileg til sölu og veðsetningar á fasteignum stofnunarinnar, sem hún kann að eignast, enda liggja stjórnarsamþykkt fyrir um þau efni.

8. gr.
Starfsmenn.

Fulltrúar, sem ráðast til starfa hjá Útflutningsmiðstöð iðnaðarins skulu að jafnaði ráðnir til ákveðins tíma. Heimilt er þó að framlengja ráðningartímabil þeirra eftir ákvörðun stjórnar.

9. gr.

Verksvið framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Hann annast daglega stjórn stofnunarinnar í samræmi við þær

reglur sem honum er settar af stjórn stofnunarinnar og/eða samkvæmt samþykktum þessum ásamt sjóðsvörzlu og reikningshaldi. Í samráði við stjórn ræður framkvæmdastjóri og segir upp starfsmönnum stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri skal og sitja fundi stjórnar stofnunarinnar og hafa málfrelsi og tillögurétt, þó ekki í því tilvik, að rætt sé um málefni, er varða hann persónulega. Framkvæmdastjóri skal leita úrskurðar stjórnar um mikilsverð málefni sem stofnunina varða, og heimilt er honum að leita álits hennar um hvert það mál, sem hann óskar. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar, sem þessir aðilar óska.

10. gr.

Reikningshald, endurskoðun og ársskýrsla.

Starfsár stofnunarinnar og reikningsár er almanaksárið. Stjórn ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga stofnunarinnar. Þeir skulu gerðir upp og lagðir fyrir stjórn eigi síðar en í júní hvert ár ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Reikningum skal fylgja umsögn endurskoðanda. Á sama fundi skal leggja fram ársskýrslu.

11. gr.

Í 5. gr. laga um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins segir svo:

Kostnaður af rekstri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skal greiddast fyrst um sinn af árlegri fjárveitingu rikissjóðs og framlagi annarra stofnenda. Auk þess skal Útflutningsmiðstöðinni heimilt að krefjast þóknunar af þeim aðilum sem hún veitir þjónustu.

Framkvæmdastjóri ákveður í samráði við stjórn hve há fyrrgreind þóknun skuli vera á hverjum tíma. Innan hæfilegs tíma verði kannað af stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins í samráði við framleiðendur, hvort eðlilegt sé að taka upp fjármögnun á starfi stofnunarinnar með öðrum hætti, t. d. með því að leggja á útflutningsgjald.

12. gr.

Stofnskrá þessi er gerð skv. 6. gr. laga nr. 14 frá 30. marz 1971 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1971.

Magnús Kjartansson.

Árni Þ. Arnason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stöðumælar verða settir upp á Vegamótastíg, Klapparstíg og Grettisgötu vestan Klapparstígs. Gjald fyrir afnot stöðumælareita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur og hámarksstöðufími ein klukkustund.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 26. ágúst 1971.

Sigurjón Sigurðsson.